

172
16. okt.

AUGLÝSING

um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefur samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júlí 1940, ákveðið hámarksálagningu á vörur þær, er hér eru taldar, svo sem hér segir:

1. **Gúmmískófatnaður**, að undanskildum kvensnjóhlífum (bomsum), kven-skóhlífum og strigaskóm með gúmmibotnum, sem falla undir 3. flokk.

Í heildsölu	12%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	27%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	37%
2. **Götu- og samkvæmisskór kvenna.**

Í heildsölu	12%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	37%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	47%
3. **Allur annar skófatnaður.**

Í heildsölu	12%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	32%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	42%

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem það varðar.

Viðskiptamálaráðuneytið, 16. október 1941.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson

173
16. okt.

SAMPYKKT

um lokunartíma rakarastofa á Akureyri.

1. gr.

Rakarastofur á Akureyri skulu aðeins opnar virka daga: Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 8½ f. h. til kl. 6 e. h., föstudaga frá kl. 8½ f. h. til kl. 8 e. h. og laugardaga frá kl. 8½ f. h. til kl. 7 e. h., — þó með þeim undantekningum, sem segir í 2. gr.

2. gr.

Á miðvikudögum fyrir skírdag og uppstigningardag skal heimilt að hafa opið til kl. 8 e. h.

Á annan dag páska, hvítasunnu og jóla skal heimilt að hafa opið til kl. 12 á hádegi.

Á frídegi verzlunarmanna skal lokað allan daginn.

Á Þorláksmessu (23. des.) skal heimilt að hafa opið til kl. 11 e. h.